

## Erindisbréf

### Vinnuhópur um aðstöðu safna í Dalabyggð

#### 1.gr.

Byggðarráð Dalabyggðar skipar þrjá fulltrúa í vinnuhóp til að halda utan um vinnu til að finna byggðasafni/listasafni nýja aðstöðu, m.t.t. varðveislu og miðlunar. Hópurinn tekur til starfa í lok febrúar 2023 og er áætlað að hann ljúki störfum 15. apríl 2023.

#### 2.gr.

Byggðarráð skipar í hópinn að höfðu samráði við formann menningarmálanefndar. Byggðarráð skipar formann hópsins.

#### 3.gr.

Hlutverk vinnuhópsins er:

- Að rýna gögn sem nú þegar eru til og hafa verið unnin m.t.t. þess að finna þarf safnakosti byggðasafns/listasafns húsnæði fyrir geymslur og til miðlunar.
- Koma með tillögu til byggðarráðs um lausnir fyrir geymslur byggða á þarfagreiningu og horft til þess hvort að í eignasafni Dalabyggðar sé til staðar valkostur.
- Koma með tillögu til byggðarráðs varðandi lausnir um húsnæði, hvort sem um er að ræða fastar sýningar eða tímabundnar sýningar út frá þarfagreiningu og horft til þess hvort að í eignasafni Dalabyggðar séu til staðar valkostir varðandi uppsetningu á tímabundnum sýningum.
- Vinnuhópurinn hefur tækifæri til þess að skoða fleiri möguleika sem upp koma í vinnu hópsins, m.a. hvað varðar möguleika til samþættingar og samstarfs við önnur verkefni.

#### 4.gr.

Safnastjóri og verkefnastjóri vinna með hópnum. Verkefnastjóri sér um að færa fundargerðir í tölvu og undirbúa fundi í samráði við formann vinnuhópsins. Hópurinn getur kallað til sín gesti á fundi ef þurfa þykir.

#### 5.gr.

Vinnuhópurinn fær greitt samkvæmt reglum um þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins Dalabyggðar. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að fimm sinnum á starfstímanum. Áætlað er að hópurinn ljúki vinnu sinni 15. apríl 2023 og skili tillögu til byggðarráðs ekki seinna en 1. maí 2023.